

## Umsögn um tillögu að þingsályktun um verndun skipa og báta – 277. mál 2020

**Samband íslenskra sjóminjasafna fagnar *tillögu til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta*, sbr. 150. löggjafarþing 2019-2020, þingskjal 306 – 277. mál.**

Samkvæmt tillögunni er starfshópi ætlað að „gera úttekt á því hvernig staðið er að verndun og varðveislu skipa og báta og gera tillögur að úrbótum. Starfshópurinn taki saman m.a. yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri ...“ Í þessu sambandi er vert að benda á að fyrir skömmu, nánar til tekið í janúar 2020, gaf Samband íslenskra sjóminjasafna út afar vandaða og ýtarlega fornbataskrá, samtals 830 bls., ásamt leiðarvísi við mat á varðveislugildi skipa og báta með sögulegu yfirliti um bátavernd á Íslandi. Saman gefa þessi tvö rit greinargott yfirlit um stöðu bátaverndar hér á landi og hvernig staðið hefur verið að varðveislu þessa menningararfs hér á landi.

Fornbataskráin miðast fyrst og fremst við báta í eigu safna, setra og sýninga og ennfremur skip á skipaskrá sem eru eldri en 1950. Auk þeirra um 190 báta sem eru í fornbataskránni er kunnugt um nokkurn fjölda annarra eldri báta í eigu einkaaðila, félaga og hópa sem mikill fengur væri í að bætt yrði við hana. Lagt er til að starfshópurinn láti gera skrá yfir þá.

Jafnframt er lagt til að upp úr fornbataskránni verði unnar flokkaðar skrár til frekari hægðarauka við notkun hennar og til að gefa enn fyllra yfirlit um stöðuna. Má hér nefna skrár yfir árabáta, opna vélbáta, vélbáta og skip með þilfari auk lista yfir báta eftir smíðafni (tré, járn) og fleiri skrár.

Á það skal bent að mikil vinna liggur að baki fornbataskrárinnar og er þess vegna mælt með að sérstakur starfsmaður verði ráðinn tímabundið í framangreind tvö verkefni. Að því loknu má segja að samantekt yfir sögulega áhugaverð eldri skip og báta sé komin eins langt og unnt er að sinni, þótt henni ljúki í raun aldrei þar sem bátar eldast og fleiri kunna að koma í leitirnar.

Annað hlutverk sem hópnum er ætlað er að „endurskoða aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012“. Nú eru skip og bátar sem smíðaðir eru fyrir 1950 friðaðir á grundvelli aldurs auk þess sem heimilt er að beita ákvæðum um friðlýsingu og skyndifriðun óháð aldri (3., 18., 19. og 20. gr.). Ekki er víst að ráðlegt sé að breyta þessum mörkum, t.d. með því að miða við aldur en ekki ártal, svo sem að allir bátar sem eru 50 ára eða eldri séu friðaðir. Þetta kann að valda vandkvæðum, bátarnir verði of margir. Þá er hugsanlega betra að gera að skyldu að allir bátar smíðaðir t.d. á árunum 1950-1980 fari í gegnum varðveislumat og séu friðaðir ef gild rök eru fyrir því. Samanber umræðu meðal húsafriðunarfélks að það sé ákveðið vandamál að „öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri séu friðuð“ (lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29. gr.). Einnig ber að hafa í huga að aldur er ekki eini mælikvarði á varðveislugildi báta.

Loks er fyrirhuguðum starfshópi ætlað að „gera tillögur að úrbótum“ og er hér sérstaklega mælt með að stofnaður verði séstakur sjóður sem hafi það hlutverk að viðhalda og varðveita gömul skip og báta.

Reykjavík 10. mars 2020

Fyrir hönd Sambands íslenskra sjóminjasafna

Helgi Máni Sigurðsson

formaður

helgi.mani.sigurdsson@reykjavik.is